

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2011****2011/EES/54/22****frá 1. júlí 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/640/ESB frá 21. október 2010 um breytingu á ákvörðunum 2006/920/EB og 2008/231/EB um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og umferðarstjórn“ í almenna, samevrópska háhraðajármbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 37k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB):
„– **32010 D 0640**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/640/ESB frá 21. október 2010 (Stjtið. ESB L 280, 26.10.2010, bls. 29).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 37ae (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/231/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32010 D 0640**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/640/ESB frá 21. október 2010 (Stjtið. ESB L 280, 26.10.2010, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/640/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 26.10.2010, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.